




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hof

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	5
4	Innra mat deilda og sérkennslu 2024-2025	6
5	Umbótaáætlun 2025-2026.....	11
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	16
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.	16
8	Foreldrasamvinna.....	16
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
10	Fylgiskjöl	17





1 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og áður er líf og fjör alla daga í leikskólanum. Leikskóli er sérlega lifandi og skemmtilegur vinnustaður þar sem engir tveir dagar eru eins. Á Hofi vinnur stór hópur af góðu fólki, margir kennarar og starfsmenn hafa unnið þar lengi. Hópurinn er samheldinn og hjálpsamur og sér til þess að öllum börnum og foreldrum líður vel ef marka má foreldrakönnun sem gerð var í vetur. Starfsmannakönnun ársins kom líka vel út, hópurinn skorar hátt í flestum atriðum sem spurt er um og fáir þættir lækka á milli ára. Alltaf er þó hægt að gera betur og við munum næsta vetur setja í áætlun að skoða nokkra þætti sem við viljum sjá enn hærri í næstu könnun.

Vetrarstarfið hefur gengið þokkalega, því miður glíma nokkrir kennarar og starfsmenn við heilsubrest og hafa verið utan vinnu í nokkurn tíma. Það veldur oft erfiðleikum í starfsmannahaldi því erfitt er að ráða í stöður þeirra sem veikjast fyrr en þó nokkur tími er liðinn. Það eykur álag í starfsmannahópnum og á stjórnendur sem reyna eins og kostur er að senda börn ekki heim nema í algjörum neyðartilvikum. Í vetur voru öll börn send heim einu sinni vegna skorts á starfsfólki og hluti barna tvisvar sinnum. Það kallast sennilega þokkalega vel sloppið.

Verkefni barnanna í vetur voru fróðleg og fjölbreytt, Flakkararnir okkar gerðu víðreist um alla borg, fyrst í verkefnum sem tengdust grænu skrefunum en þau kynntu sér starfsemi Rauða krossins, Sorpu, Góða hirðisins, Endurvinnslunnar og fleiri fyrirtækja og stofnana sem láta umhverfismál og endurvinnslu sig varða. Seinni hluta vetrar var svo hugað að skólastigum en börnin fóru í heimsóknir í skóla á öllum skólastigum og var alls staðar vel tekið, bæði í öðrum leikskólum, grunnskólum og háskólum. Könnuðir sem eru fjögurra ára börnin okkar eru meira að skoða nærumhverfi sitt og fara í ýmsar heimsóknir bæði stofnana og fyrirtækja. Hefðbundin verkefni eins og öskudagsbúningagerð, þátttaka í Barnamenningarhátíð, Lubbastundir og útinám skipa einnig stóran þátt í skólastarfinu okkar alla daga. En fyrst og fremst er það leikurinn sem fær að flæða alla daga og er alltaf ótæmandi uppspretta samræðna, tilrauna og það sem barnið leitar í allar stundir.

Leikskólamál í Laugardal eru í miklum ólestri. Nágrannaskólar okkar glíma við mikinn húsnæðisvanda og sér alls ekki fyrir endann á þeirri þrautagöngu. Því miður hefur það mikil áhrif á biðlistann okkar. Þegar innritun hófst sást í hvað stemmdi og varð raunin sú að mjög mörg börn bíða eftir að komast að hér á Hofi. Við fengum óvenju mörg börn úr nágrannaskólum til okkar sem veldur því að yngri börn og systkini barna sem nú þegar eru hjá okkur komast ekki í skólann. Samsetning barnahópsins næsta vetur er einsdæmi en 99 börn af 116 eru fjögurra og fimm ára. Þar af leiðir eru yngstu börnin mjög fá og eru aðeins á einni deild. Þetta kallar á heilmiklar skipulagsbreytingar, meira álag verður á efnivið og leikföng sem eldri börn nota, fleiri börn sameinast í matsal og færra starfsfólk þarf með eldri börnum. Við vonum þó núna að pláss verði fyrir alla starfsmenn sem vilja vera hjá okkur áfram og að lítið verði um nýráðningar í haust. Að sama skapi getur orðið áskorun að koma fyrir undirbúningi og styttingu vinnuvikunnar fyrir því um leið og starfsfólkinu fækkar verður starfsumhverfið mun brothættara og viðkvæmara fyrir breytingum.

Við horfum þó björtum augum til næsta vetrar og hlökkum til að vinna með góðu og skemmtilegu starfsfólki, börnum og foreldrum. Skólinn verður 30 ára næsta vor og vonandi náum við að halda veglega upp á afmælið með öllu okkar besta fólki.

Særún Ármannsdóttir, leikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Læsi

Hvernig fór matið fram? Með umræðu og hópavinnu á skipulagsdögum. Læsisteymið hittist reglulega yfir skólaárið. Gátlisti menntastefnunnar fylltur út á deildarfundum. Fulltrúar frá öllum leikskólum Norðurmiðstöðvar hittust á fundum.

Hverjir tóku þátt í matinu? Allt starfsfólk Hofs og 1-2 fulltrúar úr öllum leikskólum Norðurmiðstöðvar í læsisteyminu.

Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta: Læsisáætlun Norðurmiðstöðvar er komin út og komin inn á heimasvæði leikskólanna. Samvinna og þekking allra skólanna nýttist mjög vel í áætlunargerðinni og vinnan varð markvissari. Sameiginlegt myndband var tekið upp í öllum leikskólunum og er komið inn á heimasvæði leikskólanna.

Tækifæri til umbóta: Útfæra læsisáætlunina út frá aldri barnanna í skólanum.

Grænu skrefin

Hvernig fór matið fram? Á teymisfundum og skipulagsdögum.

Hverjir tóku þátt í matinu? Teymið og allir starfsmenn.

Helstu niðurstöður: Haldið verður áfram með Grænu skrefin á næsta skólaári, en vegna veikinda starfsmanns í teyminu varð minna úr verkum en áætlað var.

Námskrá

Hvernig fór matið fram? Á deildarstjórafundum, teymisfundum, skipulagsdögum og deildarfundum.

Hverjir tóku þátt í matinu? Allt starfsfólk.

Helstu niðurstöður mats: Við erum komin vel á veg með að fara yfir gömlu námskrána, taka út og setja nýjar áherslur inn. Við náðum því miður ekki markmiðinu okkar að gefa út nýja námskrá vegna veikinda. Haldið verður áfram þar sem frá var horfið á næsta skólaári.

Ytra mat

Stofnun ársins

Hvernig fór matið fram? Starfsmannakönnun, Stofnun ársins.

Hverjir tóku þátt í matinu? Starfsmenn leikskólans

Helstu niðurstöður mats? Könnunin kom mjög vel út og svörun var betri enn áður. Flestir þættir eru yfir meðaltali borgarinnar. Það er þó greinilega nokkur óánægja með tölvur og tækjabúnað.

Stjórnunarteymið þarf að skoða stjórnunarhætti en þar lækkuð við okkur örlítið. Starfsandinn lækkar einnig aðeins og það þarf að skoða hvað er að hafa áhrif á það.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Umbótaþáttur: Skapandi starf – Menntastefna Reykjavíkurborgar

Tækifæri til umbóta: Skapandi starf í leik og útinámi

Aðgerðir til umbóta: Vinna markvist með flæði í leik með áherslu á skapandi starf. Einblína á ferlið en ekki útkomuna. Bæta við skapandi og opinn efnivið til að nota í frjálsum leik og skapandi starfi

Ábyrgð: Leikskólastjóri og „skapandistarfsnefnd“

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?: Skólaárið 2025-2026

Hvenær er metið og hvaða aðferðir eru notaðar?: Á skipulagsdögum, deildarstjórafundum og deildarfundum, umræður og gátlistar

Viðmið um árangur: Þátttaka barna í skapandi starfi verið meiri og markvissari. Gefinn lengri tími í frjálsan leik og skapandi starf. Skapandi hugsun færist yfir í allan annan leik og leikurinn verður þróaðri

Umbótaþáttur: Útinám

Tækifæri til umbóta: Gera útinámið markvissara, bæta við ýmsum verkefnum í ferðir og bæta úrvinnslu.

Aðgerðir til umbóta: nota allt efni og efnivið sem skólinn á í útinám. Elda reglulega á eldstæðinu úti.

Ábyrgð: deildarstjórar og útikennslunefnd

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?: Skólaárið 2025-2026

Hvenær er metið og hvaða aðferðir eru notaðar?: Á skipulagsdögum og deildarfundum.

Viðmið um árangur: að öll börn fái að borða við eldstæðið nokkrum sinnum yfir árið. Skoða hvort við getum breytt viðhorfi starfsfólks til veðurs og útiveru og hvort það hafi áhrif á útinám og útiveru barna.

Umbótaþáttur: Leikskólaverkefni Skóla- og frístundasviðs

Tækifæri til umbóta: Betri líðan og bætt heilsa starfsmanna. Samheldinn og sterkur stjórnendahópur. Liðsheild og samvinna.

Aðgerðir til umbóta: Námskeið, fundir og verkefni

Ábyrgð Stjórnendateymið

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?: Skólaárið 2025-2026

Hvenær er metið og hvaða aðferðir eru notaðar?: Á deildarstjórafundum og deildarfundum.

Samtöl, námsgögn af námskeiðum, fundir og viðtöl

Viðmið um árangur. Niðurstöður í stofnun ársins

Umbótaþáttur: Grænu skrefin

Tækifæri til umbóta: Halda áfram þar sem frá var horfið, skoða gátlista

Aðgerðir til umbóta: minnka pappírnotkun bæði með börnum og starfsfólki. Nýta umbúðir með börnum, gera teiknibækur fyrir öll börn á öllum deildum. Minnka lífrænan úrgang sem fer frá skólanum, gera molta á staðnum.

Ábyrgð Leikskólastjóri og Grænuskrefanefndin

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?: Skólaárið 2025-2026

Hvenær er metið og hvaða aðferðir eru notaðar?: Á skipulagsdögum og deildarfundum

Viðmið um árangur. Gátlisti um grænu skrefin, minni úrgangur, molta sem verður til á staðnum.





4 Innra mat deilda og sérkennslu 2024-2025

Innra mat - Bláa- og Rauðadeild

Heilbrigði og vellíðan – Útinám

Hvernig fór matið fram? Matið á þessum umbótaþætti fór fram á deildarfundum sem haldnir eru á 3 vikna fresti.

Hverjir tóku þátt í matinu? Deildarstjórar, leikskólakennarar og starfsfólk á báðum deildum.

Helstu niðurstöður mats: Við fórum mjög vel af stað á haustönn og héldum áætlun með bæði fjölda útinámsstunda og skráningar á þeim. Á aðventunni og áfram fram að páska var farið sjaldnar og ekki gerðar skráningar. Ástæðurnar teljum við vera álag tengt veikindum og verknámi kennara og starfsfólks, hátíðisdögum og hamlandi veðri og færð. Tækfæri til umbóta er að sjá þessar hindranir fyrir á næsta ári og vera tilbúin með leiðir til að mæta þeim. Einnig mættu skráningar vera unnar í meira samstarfi við börnin sjálf en ekki bara vera gerðar af kennara.

Læsi – Gefðu 10

Hvernig fór matið fram? Sérkennslustjóri fór yfir skráningar á deildarfundum á um 3 vikna fresti.

Hverjir tóku þátt í matinu? Sérkennslustjóri auk deildarstjóra, leikskólakennara og starfsfólks á báðum deildum.

Helstu niðurstöður mats: Þetta gekk ekki eftir, hvorki á Bláudeild né Rauðeild. Sérkennslustjóri fór yfir skráningar samkvæmt áætlun en þær voru af skornum skammti. Skráningar reynast kennurum og starfsfólki erfiðar, þótt börn fái vissulega málörvun á borð við lestur, samtöl, spil og orð lögð á athafnir, oft í viku. Það er samdóma niðurstaða kennara og starfsfólks á deildunum að þegar deildir eru ekki fullmannaðar, sem var vandi að nokkru leyti þennan vetur, að þá falli skráningar mjög neðarlega á forgangslista kennara og starfsfólks þar sem samskipti við börnin ganga alltaf fyrir. Tækifæri til umbóta teljum við vera að undirbúningstími kennara og starfsfólks fari með markvissari hætti í skráningar á t.d. Gefðu 10.

Læsi – Lubbi finnur málbein

Hvernig fór matið fram? Matið á þessum umbótaþætti fór fram á deildarfundum og árgangafundum.

Hverjir tóku þátt í matinu? Deildarstjórar, leikskólakennarar og starfsfólk á báðum deildum.

Helstu niðurstöður mats: Þetta hófst að einhverju leyti, þ.e.a.s. Lubbastundir voru haldnar vikulega á báðum deildum. Þær féllu þó niður á Bláudeild um miðjan vetur. Ekki náðist að safna fjölbreytilegum efniviði til Lubbastunda eða festa upp merkingar eða annað Lubbatengt á deildunum. Tækifæri til umbóta væri að festa stundirnar við ákveðna vikudaga og tíma dags. Einnig að ákveðinn kennari á hverri deild tæki að sér að leiða Lubbastarf, t.d. að festa upp merkingar, safna efniviði í Lubbastundir o.s.frv.

Innra mat – Guladeild

Læsi: Unnið var mikið með læsi allan veturinn. Við lásum mikið fyrir börnin, stuttar sögur, framhalds sögur, hlustuðum á leikrit og sögur af netinu. Unnum með orðapjall og Lubba. Unnum einnig með umhverfislæsi.

Styrkleikar: Áhugi barnanna á bókalestri jókst, ef að ekki var lesið í hvíldartíma þá kölluðu þau eftir því. Við máttum áhuga barnanna og lásum meira efni sem þau höfðu áhuga á og svið sáum það skila sér inn í leik barnanna, ásamt því að við tókum eftir því að þau fóru að nota fleiri orð sem þau höfðu heyrt úr sögunum. Börnunum fannst gaman í Lubbastundum og voru orðin ansi flink í hljóðunum.





Tækifæri til umbóta: Hægt væri að hafa vinnu með Lubba markvissari og meiri, ein Lubbastund á viku er fínt en það væri frábært að geta gert meira með börnunum og jafnvel einhver verkefni tengd málhljóðunum.

Gefðu 10 varð ekki eins markvissst og planað var, skráningum var ábótavant.

Útinám: Börnin fóru í útinám allan veturinn. Farnar voru árganga ferðir með börnin og börnin blönduð þvert á deildir. Ferðirnar gengu mjög vel, börnin áhugasöm og glöð.

Styrkleikar: Ferðirnar voru vel planaðar, áætlun sett upp sem var sýnilegt öllum. Börnin gerðu úrvinnslu úr flestum ferðanna og eiga útinámsmöppu eftir veturinn.

Tækifæri til umbóta: Við hefðum mátt fara í fleiri náttúruferðir, ekki bara ferðir á einhverjar ákveðna staði. Verkefni tengd sköpun voru bara í úrvinnslu eftir ferðir en ekki í ferðunum sjálfum.

Sköpun: Það varð ekki nein aukning á sköpun hjá okkur þennan veturinn. Börnin héldu áfram að föndra, mála, teikna, hlusta á tónlist og dansa, en það var ekki markviss vinna í tengslum við sköpun.

Styrkleikar: Það var alltaf í boði fyrir börnin að teikna og þá gátu óskað eftir meiri efnivið í tengslum við það.

Tækifæri til umbóta: Meiri fjölbreytni í sköpun, meiri efniviður, sköpun gefið meiri sess í dagskipulagi.

Innra mat - Grænadeild

Heilbrigði og vellíðan

Þetta skólaárið var rík áhersla lögð á félagsfærni, tilfinningastjórnun og falleg gildi. Þar ber hæst að setja mörk í samskiptum, að virða mörk annarra, að setja sig í spor annarra ásamt því að horfa á hluti frá ólíkum sjónarhornum. Þau gildi sem við höfðum að leiðarljósi voru kærleikur, umburðarlyndi, víðsýni, inngilding, virk hlustun, virðing og viðurkenning.

Í upphafi skólaárs voru þessir grunnþættir lagðir til og ræddir reglulega í daglegu starfi en einnig áttu sér stað umræður á deildarfundum. Unnið var að þessum þáttum á samþættan hátt og áttu þeir að endurspeglast í starfi og orðræðu starfsfólks en einnig í samskiptum barnanna á milli. Í starfi með börnunum var umræða tekin í samverustundum, í tengslum við lestur bóka en einnig gripu starfsmenn tækifærið þegar við átti og leiðbeindu börnum í samskiptum. Markviss vinna hefur einnig átt sér stað í að einblína á að hrósa hvert öðru og að nota vinarleg orð. Í afmælissamveru sögðum við falleg orð við afmælissbarnið hverju sinni þar sem einblínt er á eiginleika barnanna en ekki útilit.

Í tengslum við matsalinn þá höfum við reglulega tekið umræðuna um að skammta sér hóflega og huga að matarsóun. Við tókum viku þar sem við vigtuðum matarsóunina og fórum með matarafganga í frískáp. Umræðan um að skammta sér hóflega var ávallt tengd við að hver og einn rýni í eigið magamál og finni hjá sér hver þeirra þörf er. Rætt var um mat sem orkugjafa til að eiga krafta í daginn. Markvissa hreyfingin fólst aðallega daglegri útiveru í frjálsum leik, í vikulegu útinámi og frjálsri hreyfingu í íþróttasal vikulega.

Læsi

Mikið var lesið fyrir barnahópinum í vetur. Hvíldin var helguð bókalestri þar sem barnahópnum var skipt eftir aldri. Bækur voru valdar með tilliti til aldurs og þroska, Könnuðir lásu styttri bækur á meðan Flakkarar voru með framhaldssögur – þá aðallega Fíúsól. Lagt var upp með vikulegum Lubbastundum þar sem barnahópnum var skipt eftir aldri. Það gekk heilt yfir vel en markmið næsta árs að byrja fyrr, vinna markvissar með stafina og orð vikunnar yfir vikuna og vera með eina Lubbastund fyrir allan





barnahópin. Spurning um að vera með skráningar á Orðaspjalli, t.d. með myndum úr Lubbastund og halda utan um skráningu orðanna.

Unnið var með Gefðu 10 en hefðum mátt vinna markvissar með það. Eftir áramót lögðum við upp með að hver og einn ætti einn dag þar sem markvissari málörvun ætti sér stað í gegnum samtali við börn með annað tungumál en íslensku. Klárlega eitthvað sem við ætlum okkur fyrir næsta vetur.

Mikill áhugi kviknaði hjá barnhópnum um lestur og skrift sem starfsmenn eltu og ýttu undir.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk ágætlega í vetur. Allir foreldrar voru boðaðir í samtöl að hausti og aftur að vori en flestir nýttu sér það. Fleiri samtöl voru tekin eftir þörfum, sum í persónu og önnur í síma.

Að jafnaði fóru út vikulegir póstar út í lok hverrar viku með upplýsingum um starfið og myndapakkar. Vissulega kom fyrir í annasömum vikum að slíkt tókst ekki. Deildin samanstóð af tveimur árgöngum og var starfsmönnum skipt á árgangana, þ.e. varðandi skipulagt starf og ferðir. Af þeim sökum var yfirsýnin ekki eins og best var á kosið og upplýsingagjöfin mismunandi. Þarna er klárlega tækifæri til úrbóta.

Innra mat Svarta- og Hvítadeild

Heilbrigði og vellíðan:

Það sem stefnt var að: Að markvissum hreyfistundum úti/inni. Ferðir með báða árganga og tenging við jafnaldra inni í húsi.

Markvissar hreyfistundir úti og inni komu að litlu leyti til framkvæmda. Ferðir þvert á deildir voru markvisst einu sinni í viku og voru þær þemaskiptar. Tenging við jafnaldra þvert á deildir gekk framar vonum og var einu sinni í viku allan veturinn í leikhitting. Einnig hittust þau í útiveru í garðinum. Unnið var mikið með fínhyringar og verkefni tengd þeim. Einnig voru jógaundir inn á milli yfir veturinn. Við skiptum hópnum mikið upp inn á deild til að allir fengju sín notið sem mest. Mikil ánægja hefur verið með samvinnu árganga bæði hjá starfsfólki og börnum. Aukin tenging og vinátta barnanna þvert á deildir er sýnileg.

Tækifæri til umbóta: Markmiðið er að hafa skipulagðar hreyfistundir á ákveðnum degi einu sinni í viku úti / inni og blanda saman jóga, gróf og fínhyringum.

Læsi:

Það sem stefnt var að: Gefðu 10 og orðaspjall.

Það var mikið lesið bæði framhaldssögur og styttri sögur. Notað var orðaspjall á meðan sögur voru lesnar og einnig markvisst í tengslum við Lubba bæði með orði vikunnar og þau orð sem börnin og foreldrar voru völdu heima og við unnum með á deildinni. Gefðu 10 var notað hjá okkur en skráningarnar voru ekki nógu markvissar. Ábyrgðinni á skráningu á Gefðu 10 var skipt á milli starfsmanna og hver var með sinn dag en það gekk ekki sem skildi. Sögustundirnar hafa gengið mjög vel og almenn ánægja með framhaldsögurnar.

Tækifæri til umbóta: Deildarstjórar munu halda utan um að allir starfsmenn skrái Gefðu 10. Það yrði gert með reglulegum áminningum yfir daginn um skráningu. Hafa Gefðu 10 spjöld meira áberandi á deildinni.

Útinám:

Það sem stefnt var að: Markvissar útinámsferðir yfir skólaárið og tengja útinám við þema hópsins.





Farið var einu sinni í viku í ferðir með hópana þá bæði í útinám og ferðir sem tengdust þema hópsins. Þessar ferðir gengu mjög vel í alla staði en hefði verið gaman að hafa oftari útnám ótengt þemanu.

Tækifæri til umbóta: Hafa fleiri ferðir í útinámið óháð þema hópsins. Hafa skipulagðan dag einu sinni í mánuði fyrir útinám í Laugardalnum eða önnur opin svæði

Innra mat sérkennslu

Deildarfundir sérkennslu: Allt starfsfólk sérkennslunnar fundaði reglulega yfir veturinn og var almenn ánægja með það. Fundirnir eru því orðnir fastir liðir í starfseminni.

Styrkleikar: Fundirnir veittu mjög góða innsýn í stöðu barnanna þannig að fagteymi sérkennslu var meðvitað um hvernig staðan væri og átti því auðveldara með að veita aðstoð þegar á þurfti að halda. Einnig fannst stuðningsaðilum gagnlegt að fá endurgjöf á sín verkefni frá öðrum stuðningsaðilum.

Tækifæri til umbóta: Ekki nógu mikil regla á því hvenær fundirnir voru haldnir þegar líða tók á veturinn. Unnið verður með það áfram án umbótaáætlunar.

Stöðufundir með starfsfólki Snorra: Voru haldnir mjög reglulega fyrir veturinn og eru þeir orðnir fastir liðir í starfseminni.

Styrkleikar: Veittu mjög góða yfirsýn yfir stöðu barna á hverri deild fyrir sig. Með umræðum var hægt að sameina aðstoð fyrir börn þvert á deildir. Góð innsýn fékkst einnig yfir önnur börn á deildunum.

Tækifæri til umbóta: Oft var tíminn sem var áætlaður fyrir þessa fundi of knappur. Unnið verður með það áfram án umbótaáætlunar.

Kynning á Handbók sérkennslu fyrir starfsfólk Hofs: Allt starfsfólk leikskólans fékk kynningu á Handbók sérkennslunnar og Hugmyndabanka fyrir stuðningsáætlanir.

Styrkleikar: Auðvelt aðgengi að gögnum um það hvernig sérkennslan á Hofi er sett upp. Eins og til dæmis hvaða gögn eru til, hvaða skimanir eru framkvæmdar og hvað þær meta. Hvar nálgast megi þessi gögn og hugmyndir fyrir starfsfólk í gerð stuðningsáætlana.

Tækifæri til umbóta: Ekki verður áfram unnið með Handbók sérkennslu í umbótaáætlun fyrir næsta vetur en verkferlar uppfærði í takt við breytingar hjá Reykjavíkurborg.

Fjólubláa mappan: Vinnsla möppunnar gekk mjög vel og í hana er komið allt það efni sem leikskólinn hefur verið að nýta sér.

Styrkleikar: Allir verkferlar leikskólans og mikið af fræðsluefni varðandi hvernig er hægt að vinna með börn á 1. stigi komið á einn stað þannig að það er mjög aðgengilegt fyrir allt starfsfólk. Vinnsla möppunnar var tímafrekari en gert var ráð fyrir og því gafst ekki tími til að koma henni í almenna notkun í leikskólanum. Allar deildir fengu Fjólubláumöppuna í vor og er starfsfólk byrjað að kynna sér efni hennar.


Tækifæri til umbóta: Innleiðing á Fjólubláumöppunni og endurskoðun á fræðsluefni hennar og verkferlum. Sjá umbótaáætlun sérkennslu skólaárið 2025-2026

Gefðu 10: Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að tala og útskýra fyrir börnunum og því er almennt mjög vel sinnt í leikskólanum.



Styrkleikar: Allt starfsfólk hefur lesið bæklinginn Gefðu 10 og veit út á hvað hann gengur. Þrátt fyrir að allt starfsfólk viti út á hvað Gefðu 10 gengur og sé meðvitað um mikilvægi skráningar var mjög lítið um skráningar á Gefðu 10 stundunum á flestum deildum í vetur. En með frekara skipulagi og skráningu er hægt að ná betur til þeirra barna sem þurfa mest á málörvun að halda og gera allt starfsfólk enn meðvitaðra um mikilvægi þess. Næsta skref er að ná enn betur til þeirra barna sem þurfa mesta aðstoð við málörvun.

Tækifæri til umbóta: Aðgerðaráætlun í kjölfar málproskamats og skimana. Sjá umbótaáætlun sérkennslu veturinn 2025-2026.





5 Umbótaáætlun 2025-2026

Flakkarar og Könnuðir árgangar 2020 og 2021	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	<u>Samvinna milli deilda</u>
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	• Meiri teymisvinna starfsfólks • Samræma úrvinnslu ferða
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Reglulegt samtal milli starfsmanna • Skipulagsfundir í upphafi annar • Örfundir yfir veturinn
Ábyrgð	• Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	• Hausti 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	• Á fundum gegnum skólaárið • Endurmat í lok vorannar
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Gott og skilvirkt upplýsingarflæði milli deilda • Ánægja með úrvinnslubækur

Flakkarar og Könnuðir	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	• Hafa betri aðgengi að skapandi efnivið • Kynnast fjölbreyttum leiðum í sköpun • Dótalaus vika • Rými fyrir framhaldsvinnu • Ljósmyndun barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Safna efnivið • Skipuleggja aðstöðu inni á deildum • Aðstöðu til að geyma • Börnin taka mismunandi myndir á leikskólatímanum
Ábyrgð	• Deildarstjórar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	• Hausti 2025 – vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	• Á deildarfundum • Viðtal við börnin
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	• Aukin þátttaka barnanna í skapandi starfi • Skapandi hugsun færist yfir í allan annan leik og leikurinn verður þróaðri • Ljósmyndasýning

Bláadeild börn f. 2022, 2023 og 2024	
Umbótaþáttur/matsþáttur(stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markmiðið er að bæta utanumhald skráninga, meðal annars í tengslum við Gefðu 10, Tengslareikning og aðrar skráningar sem varða daglegt starf og börnin á deildinni.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skráningum á deildinni hefur verið ábótavant síðastliðið ár. Markmiðið er nú að bæta bæði utanumhald og gæði skráninga, þannig að þær verði markvissari og veiti betri yfirsýn yfir vinnu annarinnar og þann árangur sem næst. Þetta auðveldar starfsfólki að endurspegla þróun og meta framfarir í starfi með börnunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í samvinnu við starfsfólk deildarinnar verður ákveðið hvernig kerfi er best að nota til að utanumhald og skráningar verði sem markvissastar. Hluti af undirbúningi verður tileinkaður að skrá niður. Hægt væri t.d. að hafa ákveðinn „skráningardag“ á hvern starfsmann. Eða svo auðveldara væri að muna eftir því að skrá að hver starfsmaður væri með litla stílabók sem væri svo fært yfir í sameiginlegt skjal.
Ábyrgð	Deildarstjóri í samstarfi við starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við upphaf skólaárs, þegar börn hafa aðlagast deildinni og daglegt starf er komið í fastar skorður, hefst formleg vinna við verkefnið. Verkinu lýkur samkvæmt áætlun í lok skólaárs, að vori.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umbótaþáttur verður reglulega tekinn til umfjöllunar á deildarfundum, sem haldnir eru á þriggja vikna fresti. Markmiðið er að hver starfsmaður fari yfir sínar skráningar og meti hvað hefur gengið vel og hvar tækifæri til úrbóta eru. Á fundunum ræða starfsmenn deildarinnar saman um hvernig utanumhald/skráningar hafa gengið, hvort valin aðferð hafi reynst árangursrík og hvort tilefni sé til að endurskoða aðferðir eða taka upp nýtt kerfi sem styður við markvissari og skilvirkari skráningu.





Bláudeild frh.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skipulagðari starf með Lubbastundir og almenna málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Á Bláudeild voru Lubbastundir haldnar vikulega framan af önn, en féllu niður um miðjan vetur vegna stjórnendabreytinga, tímabundins óstöðugleika og manneklu. Stefnt er að því að festa Lubbastundir í fastan vikulegan ramma og halda honum óháð breytingum á daglegri starfsemi, þannig að þær fari fram jafnvel þótt uppbrot eigi sér stað á „lubbadegi“. Á komandi vetri verða yngstu börnin í Bláudeild, og því viljum við leggja aukna áherslu á fjölbreyttar og reglulegar málörvunarstundir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í upphafi væri hægt að tilnefna svokallaðan Lubbastjóra sem ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd Lubbastunda. Ef starfsfólk deildarinnar kys að hafa það með öðrum hætti, mætti skipta Lubbastundum eða Lubbavikum á milli starfsmanna. Unnið verður að gerð samræmds grunnramma fyrir innihald Lubbastunda til að tryggja gæði og samfellu, óháð því hver leiðir stundina hverju sinni. Auk þess verður ákveðinn fastur tími fyrir aðrar málörvunarstundir, óháðar Lubbastundum. Starfsfólk hefur þó svigrúm til að bæta við fleiri slíkar stundir eftir áhuga og aðstæðum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og valin „Lubbastjóri“
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Umbótastarf hefst um leið og dagskipulag og verkaskipting starfsfólks hefur verið fest í sessi. Æskilegt er að tilnefna „Lubbastjóra“ á fyrsta deildarfundi vetrarins og ákveða fastan vikulegan tíma fyrir Lubbastundir og aðrar málörvunarstundir.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfið verður metið reglulega yfir önnina, meðal annars á deildarfundum og skipulagsdögum, mögulega í samráði við sérkennslustjóra. Einnig væri hægt að leggja mat á framkvæmd starfsmanna og innihaldi stundanna. Sem dæmi má nefna með Viðhorfskönnun innan teymisins – til að meta samstarf, ábyrgðarskiptingu og ánægju. Eða þá Endurmat á grunnramma Lubbastunda – er hann t.d. virkur og áhugahvetjandi?





Deild sérkennslu	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Aðgerðaráætlun í kjölfar málþroskamats og skimana
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	- Búa til stuðningsáætlun út frá niðurstöðum málþroskamats (börn sem fá málþroskatölu undir 85) og skimana. - Búa til málörvunarhópa
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Deildarstjórar og sérkennslustjórar framkvæma skimanir og deildarstjórar skila niðurstöðum til foreldra - Talmeinafræðingur framkvæmir málþroskamát og skilar niðurstöðum til foreldra og deildarstjóra - Deildarstjórar og sérkennslustjórar bera ábyrgð á að útbúa stuðningsáætlanir og setja börn í hópa - Allt starfsfólk deilda vinnur eftir skipulaginu ásamt sérkennslustjórum og starfsfólki Snorra - Skráning á vinnustundum
Ábyrgð	- Sérkennslustjórar og deildarstjórar bera ábyrgð. - Allt starfsfólk deilda ásamt sérkennslustjórum og starfsfólki Snorra koma að framkvæmd.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Öllum gögnum safnað (stuðningsáætlanir, málþroskamát, skimanir, umræður bæði formlegar og óformlegar og aðrar skráningar) og út frá því metið hvernig gekk.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Var stuðningsáætlun útbúin að fyrir hvert barn. - Voru stuðningsáætlanirnar uppfærðar reglulega - Voru vinnustundir skráðar - Urðu framfarir á skimunum
Deild sérkennslu	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Innleiðing á Fjólubláumöppunni og endurskoðun á fræðsluefni hennar og verkferlum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	- Gera starfsfólk öruggt með að vinna með barn á 1. Stigi - Hafa fræðsluefnið aðgengilegt og skýrt á hverri deild þannig að allt starfsfólk hafi greiðan aðgang að því og eigi auðveldara með að mæta ólíkum þörfum barna.



Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Fá endurgjöf frá starfsfólki deilda um efni möppunnar og hvernig er að vinna eftir því. - Gera úrbætur á möppunni í takt við umsagnir þannig að hún nýtist öllu starfsfólki sem best í starfi.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 - vor 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum, deildarstjórafundum og Snorrafundum og samræður við einstaka starfsfólk skráðar niður.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Að allt starfsfólk leikskólans þekki til Fjólubláumöppunnar og hlutverks hennar - Að allt starfsfólk hafi greiðan aðgang að fræðsluefni til að mæta ólíkum þörfum barna





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl eru tekin á skólaárinu, viðtal við deildarstjóra fer fram að hausti og aftur að vori. Allir starfsmenn fá viðtal á skólaárinu og geta að auki alltaf óskað eftir viðtali við stjórnendur. Fræðsla á skólaárinu verður m.a. skyndihjálpi fyrir alla starfsmenn og kynfræðsla í leikskólum. Skólinn tekur þátt í leikskólaverkefni á vegum SFS og er í umsjón mannauðsráðgjafa sviðsins. Verkefnið snýst um að styrkja stjórnendateymi skólans í ýmsum málum, s.s. ráðningum, nýliðafræðslu og stjórnun.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Á fyrstu árum leikskólans var lagður grunnur að samstarfi við Laugarnesskóla sem enn í dag gengur vel. Elstu börnin í leikskólanum heimsækja bókasafn Laugarnesskóla á haustönn ásamt því að fara og hitta skólustjórann sem að sýnir þeim allan skólann og fimmti bekkur kemur í heimsókn í Hof. Á vorönn halda heimsóknirnar áfram og fara elstu börnin í kennslustundir með fyrsta bekk, skoða Frístundaheimilið Laugarsel og fyrsti bekkur kemur í heimsókn í Hof. Síðustu árin hafa Hof, Laugarnesskóli og Laugarsel fagnað fjölbreytileikanum saman með því að halda Regnbogaviku í maí. Þá hafa börn úr Hofi farið í smiðjur hjá Laugarnesskóla og börn úr Laugarnesskóla komið í smiðjur á Hof. Í lok vikunnar er haldin skruðganga sem að nemendur úr Laugarnesskóla, Hofi og Laugalækjarskóla taka þátt í og í lok hennar er dagskrá á fótboltavellinum Þróttheimum.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Foreldrar þriggja barna, auk leikskólustjóra, sitja í foreldraráði. Undanfarin ár hafa samskiptin farið að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst. Helstu verkefni foreldraráðs er að ákveða sumarleyfi leikskólans og lesa yfir og samþykkja starfsáætlun.

Foreldrafundur: Foreldrafundur verða haldnir í september og verða þeir árgangaskiptir. Leikskólustjóri og aðstoðarleikskólustjóri kynna leikskólann og stefnu hans og deildarstjórar og annað starfsfólk deildanna kynna skipulag vetrarins.

Foreldraviðtöl: Deildarstjórar boða foreldra í formleg viðtöl október og mars og í þeim er rætt um þroska barnsins, líðan þess og þarfir. Telji deildarstjórar þörf á fleiri viðtölum boða þeir foreldra til sín. Undanfarin ár hafa elstu börnin komið í útskriftarviðtal með foreldrum sínum í stað seinna formlega viðtalsins. Sami háttur verður á í vor. Auk þessara föstu viðtala er sérkennslustjóri með viðtöl, teymisfundir vegna barna með sérþarfir eru haldnir reglulega og foreldrar geta hvernær sem er leitað til stjórnenda, deildarstjóra og sérkennslustjóra hvenær sem þeir óska þess.

Foreldrafélag: Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og í stjórninni situr hópur foreldra auk leikskólustjóra sem er fulltrúi leikskólans. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum eins og piparkökumálun í desember, skipulagt sveitaferð fyrir foreldra og börn í maí og haldið sumarhátíð á afmælisdegi leikskólans 7. júní. Foreldrafélagið sér um að kaupa gjafir sem jólasveinarnir gefa börnunum í desember ásamt því að taka þátt í kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna í maí. Foreldrafélagið hittist öðru hvoru en samskiptin fara einnig fram í gegnum tölvupóst.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu eru eftirtaldir:

22. ágúst – sameiginlegur með Laugasól, skólaopningur í grunnskólum hverfisins. Meginverkefni dagsins er að hefja nýtt skólaár, starfsmannafundur, deildarvinna

29. október – sameiginlegur í öllum skólum. Meginverkefni er skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn, kynning á Hæglæti í leikskólum, starfsmannafundur

2. janúar – sameiginlegur með Laugasól, frídagur í grunnskólum hverfisins. Meginverkefni dagsins eru starfsmannafundir, deildarfundir, námskrárvinna

6. febrúar – sameiginlegur með Laugasól. Meginverkefni er kynfræðsla í leikskólum, námskrárvinna og starfsmannafundur

7. apríl – sameiginlegur í öllum skólum hverfisins. Meginverkefni er endurmat og starfsmannafundur

15. maí – sameiginlegur í öllum skólum hverfisins. Meginverkefni er endurmat, hópefli og starfsmannafundur.

10 Fylgiskjöl

Skóladagatal skólans veturinn 2025-2026

26. september 2025

Fh. leikskólans

Særún Ármannsdóttir, leikskólastjóri





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 Leikskólinn Hof

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Kristín Einarsdóttir

Herbert Mckenzie

Karen Pálsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, að mestu.

Hlutir eins og „Gefðu 10“, „skráningar“ og „starfsfólk Snorra“ eru ekki útskýrðir. Það er erfitt fyrir þá lesendur skýrslunnar, sem ekki starfa á Hofi, að skilja sumt í áætluninni án frekari skýringa.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Viðmið um árangur: viðhorf til veðurs og útiveru. Hvernig er þetta metið – hvernig verða viðhorf að viðmiði? Og viðhorf hverra? Talað um að þetta verði metið á skipulagsdögum og deildarfundum þannig að væntanlega er verið að tala um viðhorf starfsfólks frekar en nemenda.

Fulltrúar í foreldraráði:

Anna Kristín Einarsdóttir

Herbert Mckenzie

Karen Pálsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Hof**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagar	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F skipulagsdagur	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M Lubbalæsi	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur verslunarmarkaðs	4 F	4 L	4 Þ Lubbalæsi	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M Lubbalæsi	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F 30 ára Afmælishátíð Hofs	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F Lubbalæsi	6 L	6 Þ Þrettándinn	6 F Skipulagsdagur Dagur leikskólans	6 F	6 M Annar í Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 Þ	7 F Lubbalæsi	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólans	7 L	7 Þ skipulagsdagur	7 F	7 S Hof 30 ára! Sjómannadagurinn	7 Þ
8 F	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumarfrí/ lokað til og með 5.ágúst
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M Heimamenning	9 F	9 L	9 Þ	9 F
# S	# M Könnuðir og Flakkarar	# F	# M Lubbalæsi	# M	# L	# Þ	# Þ Heimamenning	# F	# S	# M Skólasílit grunnskóla	10 F
# M	# F Foreldrakynning Bládeild	# L	# Þ Lubbalæsi	# F	# S	# M Dagur íslenska táknaðsins	# M Heimamenning	# L	# M Regnbogavika	# F	11 L
# Þ	# F	# S	# M Lubbalæsi	# F	# M	# F	# F Heimamenning	# S	# Þ Regnbogavika	# F	12 S
# M	# L	# M Foreldraviðtöl	# F Lubbalæsi	# L	# Þ	# F	# F Heimamenning	# M	# M Gleðiganga í hverfinu	# L	13 M
# F	# S	# Þ Foreldraviðtöl	# F foreldrasamvera	# S	# M	# L	# L Dagur stærðfræðinnar	# Þ	# F Uppstigningardagur	# S	14 Þ
# F	# M	# M Foreldraviðtöl	# L	# M	# F	# S	# S	# M	# F Skipulagsdagur	# M	15 M
# L	# Þ Dagur íslenskrar náttúru	# F Foreldraviðtöl	# S Dagur íslenskrar tungu	# Þ	# F	# M Bolludagur	# M foreldraviðtöl	# F	# L	# Þ	16 F
# S	# M	# F Foreldraviðtöl	# M	# M Jólabball	# L	# Þ Sprengidagur	# Þ foreldraviðtöl	# F afa/fjölskyldusamvera	# S	# M Lýðveldisdagurinn	17 F
# M	# F	# L Foreldraviðtöl	# Þ	# F	# S	# M Öskudagur	# M foreldraviðtöl	# L	# M	# F	18 L
# Þ	# F	# S Foreldraviðtöl	# M	# F	# M	# F Skráningardagar	# F foreldraviðtöl	# S	# Þ	# F	19 S
# M	# L	# M Foreldraviðtöl	# F Dagur mannréttinda	# L	# Þ	# F Skráningardagar	# F foreldraviðtöl	# M	# M	# L	20 M
# F Síðasti dagur flakkara	# S	# Þ Foreldraviðtöl	# F	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F	# S	21 Þ
# F Skipulagsdagur	# M	# M Foreldraviðtöl	# L	# M	# F	# S Konudagur - upphaf	# S	# M	# F Umhverfisdagur	# M	22 M
# L	# Þ	# F Bangsaball	# S	# Þ Þorláksmessa	# F Bóndadagur - upphaf Þorra	# M	# M foreldraviðtöl	# F Sumardagurinn fyrsti	# L	# Þ	23 F
# S	# M	# F Skráningardagur	# M	# M Aðfangadagur jóla	# L	# Þ	# Þ foreldraviðtöl	# F	# S Hvítasunnudagur	# M	24 F
# M	# F	# L Fyrsti vetrardagur	# Þ	# F Jóladagur	# S	# M	# M foreldraviðtöl	# L	# M Annar í Hvítasunnu	# F	25 L
# Þ	# F Evrópski tungumálad.	# S Foreldraviðtöl	# M	# F Annar í jólum	# M	# F	# F foreldraviðtöl	# S	# Þ	# F	26 S
# M	# L	# M Skráningardagur	# F	# L	# Þ	# F	# F foreldraviðtöl	# M	# M Útskriftarferð Flakkar	# L	27 M
# F	# S	# Þ Skráningardagur	# F	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F Útskrift Flakkar	# S	28 Þ
# F	# M	# M Skipulagsdagur	# L	# M Skráningardagur	# F		# S Pálmasunnudagur	# M	# F	# M	29 M
# L	# Þ	# F	# S	# Þ Skráningardagur	# F		# M Skráningardagar	# F	# L	# Þ	30 F
# S		# F		# M Gamlársdagur	# L		# Þ Skráningardagar		# S		31 F

Í reglum um leikskólalápnústu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.